

## Óleiðréttur launamunur kynjanna 2008–2012

### *Unadjusted gender pay gap 2008–2012*

Óleiðréttur launamunur kynjanna á Íslandi reiknaður samkvæmt aðferðafræði evrópsku hagstofunnar, Eurostat, var 18,1% árið 2012. Munurinn var 18,5% á almennum vinnumarkaði en 16,2% hjá opinberum starfsmönnum. Frá árinu 2008 hefur óleiðréttur launamunur farið minnkandi og var lægri árið 2012 en 2008. Á almennum vinnumarkaði fór launamunurinn lækkaði til ársins 2010 en hækkaði aðeins árið 2011. Óleiðréttur launamunur hjá opinberum starfsmönnum lækkaði allt tímabilið.

Í evrópskum samanburði frá árinu 2010 var óleiðréttur launamunur á Íslandi sá níundi hæsti í samanburðarhópum eða tæplega 18%. Það er svipaður launamunur og að meðaltali í Evrópusambandinu. Árið 2010 var mestur launamunur í Eistlandi eða rúmlega 27%. Í Króatíu var launamunurinn neikvæður um tæplega 2% en þar voru konur að jafnaði með hærra tímakaup en karlar. Hlutfall yfirvinnustunda af greiddum stundum var hæst á Íslandi árið 2010 en hlutfallið var 10% hjá íslenskum körlum og 5% hjá konum.

#### *Aðferðafræði*

Útreikningar á óleiðréttum launamuni kynjanna byggist á aðferðafræði Structure of Earnings Survey (SES) evrópsku hagstofunnar, Eurostat, sem framkvæmd er á fjögurra ára fresti og var síðasta viðmiðunarár rannsóknarinnar árið 2010.<sup>1</sup> Samkomulag er um að þær þjóðir sem taka þátt í SES-rannsókninni skili árlega uppfærðum tölum um óleiðréttan launamun kynjanna til Eurostat og eru þær birtar á vef Eurostat.<sup>2</sup> Niðurstöður fyrir Ísland eru nú birtar í fyrsta skipti á vef Hagstofu Íslands.<sup>3</sup>

#### *Útreikningur*

Við útreikning á óleiðréttum launamun kynjanna er borið saman meðaltal launa karla og kvenna. Stuðst er við mánaðarlaun í októbermánuði á hverju ári sem eru reiknuð niður á greiddar stundir. Mánaðarlaun byggjast á föstum reglulegum greiðslum, auk yfirvinnu. Óreglulegar greiðslur sem falla til í október eru undanskildar í útreikningum. Reiknað er tímakaup karla annars vegar og kvenna hins vegar og mismunur þess sem hlutfall af tímakaupi karla er túlkað sem óleiðréttur launamunur.

$$\frac{\text{tímakaup karla} - \text{tímakaup kvenna}}{\text{tímakaup karla}}$$

Sérstaklega ber að athuga að greidd laun fyrir yfirvinnu og fjöldi yfirvinnustunda er inni í útreikningum en hver yfirvinnustund er að jafnaði dýrari en hver stund í dagvinnu. Því meiri yfirvinna sem er inni í launinum, því hærra verður heildartímakaupið. Sá launamunur sem er birtur hér er skilgreindur sem óleiðréttur þar

<sup>1</sup> Nánari upplýsingar um Structure of Earnings Survey er að finna í Hagtíðindum frá 18. desember 2012.

<sup>2</sup> <http://epp.eurostat.ec.europa.eu/>.

<sup>3</sup> <http://www.hagstofa.is/>.



sem ekki er tekið tillit til skýringarþátta sem geta haft áhrif á laun einstaklinga. Dæmi um slíka skýringarþætti eru starf, menntun, aldur, starfsaldur og fleira. Með því að reikna óleiðrétta launamun á þennan hátt fæst ákveðin mynd af launamyndun kynjanna á vinnumarkaði sem skýrist að hluta til af þeim þáttum sem á undan eru taldir.


*Skil frá Íslandi* Ísland skilar gögnum, frá rekstrareiningum með 10 eða fleiri starfsmenn, í ellefu atvinnugreinum. Það er í framleiðslu (C), rafmagns-, gas- og hitaveitum (D), vatnsveitu, fráveitu, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðum á vélknúnum ökutækjum (G), flutningum og geymslu (H), upplýsingum og fjarskiptum (J), fjármála- og váttryggingastarfsemi (K), opinberri stjórnsýslu og varnarmálum; almannatryggingum (O), fræðslustarfsemi (P) og heilbrigðis- og félagsþjónustu (Q). Gögn Íslands byggja á launarannsókn Hagstofu Íslands. Ekki eru birtar tölur fyrir atvinnugreinar vatnsveitu, fráveitu, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E) og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) vegna þess hve fáar konur eru í atvinnugreininni. Þessar atvinnugreinar vega hins vegar inn í heildartölur.

*Óleiðrétta launamunur er minni hjá opinberum starfsmönnum en á almennum vinnumarkaði*

Auk niðurbrots eftir atvinnugreinum er tölum skilað eftir launþegahópi. Opinberir starfsmenn eru starfsmenn sveitarfélaga og þeir sem fá greidd laun frá fjársýslu ríkisins. Aðrir tilheyra almennum vinnumarkaði. Á mynd 1 má sjá þróun óleiðréttis launamunar heildarinnar og launþegahópa. Þar má sjá að óleiðrétta launamunur kynjanna var minni árið 2012 en 2008. Lægstur var launamunurinn árið 2010 en hefur aukist aðeins eftir það á almennum vinnumarkaði en lækkað lítillega hjá opinberum starfsmönnum.

### Mynd 1. Óleiðrétta launamunur eftir launþegahópi

Figure 1. Unadjusted gender pay gap by sector



*Óleiðrétta launamunur hefur minnkað frá 2008*

Í töflu 1 á næstu síðu má sjá niðurbrot á óleiðréttum launamun eftir launþegahópi, vinnutíma og atvinnugrein fyrir árin 2008 til 2012. Í flestum undirhópum hefur launamunurinn farið minnkandi frá árinu 2008 en hjá sumum hópum hefur hann tekið að aukast aftur á síðustu 1–2 árum. Hafa ber í huga að þar sem gagnasafninu er ekki haldið föstu á milli ára geta breytingar á samsetningu þess haft áhrif á niðurstöðuna.

**Tafla 1. Óleiðréttur launamunur**  
*Table 1. Unadjusted gender pay gap*

	2008	2009	2010	2011	2012
<b>Alls Total</b>	<b>20,5</b>	<b>18,0</b>	<b>17,5</b>	<b>18,0</b>	<b>18,1</b>
<b>Launþegahópur Sector</b>					
Almennur vinnumarkaður <i>Private sector</i>	22,4	20,1	17,8	18,5	18,5
Opinberir starfsmenn <i>Public sector</i>	21,2	18,0	16,5	16,3	16,2
<b>Vinnutími Working hours</b>					
Fullvinnandi <i>Full-time</i>	17,3	15,9	15,7	15,5	15,7
Hlutastarfsfólk <i>Part-time</i>	10,1	6,7	5,0	6,2	6,4
<b>Atvinnugreinar Economic activities</b>					
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	22,6	21,4	23,3	22,5	23,5
Rafmagns-, gas- og hitaveitur <i>Electricity, gas, and steam supply</i>	18,3	19,1	14,0	11,0	14,4
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade</i>	22,3	23,4	20,6	19,1	18,2
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	23,0	20,0	16,1	16,5	15,4
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	18,8	15,1	17,9	17,7	18,8
Fjármálastarfsemi <i>Financial activities</i>	42,8	36,8	32,2	33,9	34,3
Opinber stjórnsýsla <i>Public administration</i>	16,5	15,6	14,5	13,2	12,3
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	21,8	17,3	15,9	15,4	14,7
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work</i>	18,5	16,2	13,3	13,8	12,9

**Skýringar** *Notes:* Ekki eru birtar tölur um atvinnugreinarnar vatns- og fráveita, meðhöndlun úrgangs og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð þar sem hlutfall kvenna í þessum atvinnugreinum er mjög lágt. Þær tölur veða hins vegar inn í heildartölu. *Data on Water supply; waste management and Construction are not published as the number of women in these economic activities is very low. However, they are part of the total.*

## Evrópskur samanburður


Eins og áður hefur komið fram byggjast útreikningar á óleiðréttum launamun kynjanna á aðferðafræði SES-rannsóknar evrópsku hagstofunnar, Eurostat. Sú rannsókn er framkvæmd á fjögurra ára fresti og var síðasta viðmiðunarár hennar árið 2010. Við samanburð á tölum á milli landa er stuðst við heildartölur landanna án atvinnugreinarinnar opinber stjórnsýsla; almannatryggingar (O) þar sem valfrjálst er að skila gögnum um hana í rannsóknina og mörg lönd skila ekki þeim upplýsingum.

*Óleiðréttur launamunur á Íslandi  
sá níundi hæsti í Evrópu*

Þegar borinn er saman launamunur í þáttökulöndum SES-rannsóknarinnar má sjá að óleiðréttur launamunur var hæstur í Eistlandi eða rúmlega 27%. Í Króatíu var launamunurinn neikvæður, en þar var heildartímakaup kvenna herra en heildartímakaup karla og óleiðrétti launamunurinn tæplega -2%. Á Íslandi var óleiðrétti launamunurinn tæplega 18% sem er svipað og meðaltal Evrópusambandslandanna 27.

## Mynd 2. Óleiðréttur launamunur árið 2010

Figure 2. Unadjusted gender pay gap 2010




**Skýringar** Notes: Heiti á löndum má sjá í töflu 2 aftast í heftinu. Country names are listed in table 2 at the end of the issue.

### Hlutfall yfirvinnustunda hæst á Íslandi

Þar sem útreikningar á óleiðréttum launamun kynjanna byggir á öllum greiddum stundum þá hefur samsetning vinnutíma áhrif á niðurstöðuna en yfirvinnustund er að jafnaði dýrari en hver stund í dagvinnu. Því meiri yfirvinna sem er inni í launinum, því hærra verður heildartímakaup þess hóps. Árið 2010 var hlutfall greiddra yfirvinnustunda af greiddum stundum hæst á Íslandi. Hlutfall yfirvinnustunda af greiddum stundum var um 10% hjá íslenskum körlum og 5% hjá íslenskum konum. Næst á eftir kom Malta en hlutfall yfirvinnustunda hjá maltneskum körlum var um 7% og maltneskum konum um 3,5%. Meðaltal Evrópusambandslandanna 27 var ríflega 2% hjá körlum og 1% hjá konum.

### Mynd 3. Hlutfall yfirvinnustunda af greiddum stundum 2010

Figure 3. Percentage of overtime hours of paid hours 2010




**Skýringar** Notes: Heiti á löndum má sjá í töflu 2 aftast í heftinu. Country names are listed in table 2 at the end of the issue.

#### Atvinnuþátttaka kvenna mest á Íslandi

Eins og sést á mynd 4 á næstu blaðsíðu var atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi tæplega 81% árið 2010 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Eurostat (Labour Force Survey). Það var mesta atvinnuþátttaka kvenna í öllum löndum rannsóknarinnar og var óleiðrétti launamunurinn tæplega 18%. Næst á eftir kom Sviss með 76% atvinnuþátttöku og sambærilegan óleiðréttan launamun og Ísland. Þá komu norðurlöndin, Svíþjóð, Danmörk og Noregur með um það bil 76% atvinnuþátttöku og óleiðréttan launamun í kringum 16%. Minnst var atvinnuþátttaka kvenna í Tyrklandi tæplega 30% og á Möltu rúmlega 40%. Í þessum löndum var óleiðrétti launamunurinn frekar lágur, 4% og 6,7%. Í Króatíu þar sem launamunurinn var neikvæður var atvinnuþátttaka kvenna rúmlega 55%.

#### Mynd 4. Óleiðréttur launamunur og atvinnuþátttaka kvenna árið 2010

Figure 4. Unadjusted gender pay gap and women's activity rate 2010



**Skýringar** Notes: Heiti á löndum má sjá í töflu 2 aftast í heftinu. Country names are listed in table 2 at the end of the issue.

#### Skilgreiningar

Óleiðréttur launamunur  
kynjanna

Óleiðréttur launamunur kynjanna er hlutfallslegur munur á launum þar sem meðaltal karla og kvenna er borið saman. Stuðst er við mánaðarlaun í októbermánuði á hverju ári sem eru reiknuð niður á greiddar stundir. Mismunur á tímakaupi karla og kvenna sem hlutfall af tímakaupi karla er túlkað sem óleiðréttur launamunur.

$$\frac{\text{tímakaup karla} - \text{tímakaup kvenna}}{\text{tímakaup karla}}$$

Mánaðarlaun

Mánaðarlaun eru skilgreind á svipaðan hátt og regluleg heildarlaun í útgáfum Hagstofu Íslands að frátöldu því að kostnaðargreiðslur eru ekki hluti mánaðarlauna. Í mánaðarlaunum eru reglulega uppgerðar greiðslur þ.e. grunddagvinnulaun, álags-

greiðslur, bónusgreiðslur, vaktaálagsgreiðslur, yfirvinnulaun, veikindalaun og greiðslur vegna fyrirframgreiddrar uppmælingar.

*Tímakaup* Tímakaup er reiknað út frá mánaðarlaunum í október og fjölda greiddra stunda í sama mánuði.

*Greiddar stundir* Greiddar stundir eru allar greiddar stundir hvort sem er í dagvinnu, vaktavinnu eða yfirvinnu. Í mörgum tilvikum eru greiddar stundir ágætur mælikvarði á vinnustundir launamanns. Það er þó ekki algilt þar sem fastlaunasamningar eru víða í gildi og í þeim tilvikum er erfitt að meta og mæla vinnustundir. Því geta greiddar stundir ýmist van- eða ofmetið unnar stundir.

*EU27* EU27 er vegið meðaltal þeirra 27 ríkja sem tilheyra Evrópusambandinu. Löndin sem tilheyrðu Evrópusambandinu árið 2010 eru; Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

*EA17* EA17 er vegið meðaltal þeirra 17 ríkja sem tilheyra myntbandalagi Evrópu. Löndin sem tilheyrðu myntbandalaginu árið 2010 eru: Austurríki, Belgía, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn og Þýskaland.

## English summary

The unadjusted gender pay gap (GPG) in Iceland was 18.1% in the year 2012. The gap was 18.5% in the private sector and 16.2% in the public sector. From the year 2008 the unadjusted gender pay gap has decreased and was lower in the year 2012 than 2008. The unadjusted gender pay gap was lowest in the year 2010, 17.5% but slightly increased in 2011.

The unadjusted gender pay gap is based on the methodology of the Structure of earnings survey (SES), which is carried out with a four-yearly periodicity. The most recent reference year is 2010. When comparing the unadjusted gender pay gap, Iceland was the 9th highest in the year 2010. The GPG was highest in Estonia that year, about 27%. In Croatia the GPG was a little less than -2% which means that women received higher hourly earnings than men. The percentage of overtime hours of paid hours was highest in Iceland in 2010. The proportion was 10% for Icelandic men and 5% for women.

These results are based on 4-yearly SES and national annual estimates. The gender pay gap in unadjusted form represents the difference between average gross hourly earnings of male paid employees and of female paid employees as a percentage of average gross hourly earnings of male paid employees. The calculation is based on October each year and gross hourly earnings includes paid overtime and excludes non-regular payments. The more overtime work the higher the gross hourly earnings. The gender pay gap indicator has been defined as unadjusted i.e. not adjusted according to individual characteristics that may explain part of the earnings.

**Tafla 2. Lönd**  
*Table 2. Countries*

Landatákn <i>Country codes</i>	Heiti lands, íslenska <i>Name of country, Icelandic</i>	Heiti lands, enska <i>Name of country, English</i>
EU27	Evrópusambandið	European Union
EA17	Evrusvæðið	Euro Area
AT	Austurríki	Austria
BE	Belgía	Belgium
BG	Búlgaría	Bulgaria
CH	Sviss	Switzerland
CY	Kýpur	Cyprus
CZ	Tékkland	Czech Republic
DE	Þýskaland	Germany
DK	Danmörk	Denmark
EE	Eistland	Estonia
ES	Spánn	Spain
FI	Finland	Finland
FR	Frakkland	France
GR	Grikkland	Greece
HR	Króatía	Croatia
HU	Ungverjaland	Hungary
IE	Írland	Ireland
IS	Ísland	Iceland
IT	Ítalía	Italy
LT	Litháen	Lithuania
LU	Lúxemborg	Luxembourg
LV	Lettland	Latvia
MK	Makedónía	FYR Macedonia
MT	Malta	Malta
NL	Holland	Netherlands
NO	Noregur	Norway
PL	Pólland	Poland
PT	Portúgal	Portugal
RO	Rúmenía	Romania
SE	Svíþjóð	Sweden
SI	Slóvenía	Slovenia
SK	Slóvakía	Slovakia
TR	Tyrkland	Turkey
UK	Bretland	United Kingdom

**Hagtiðindi**    **Laun, tekjur og vinnumarkaður**  
**Statistical Series**    ***Wages, income and labour market***

98. árg. • 15. tbl.    2013:5 (Leiðrétt útgáfa *Corrected version*)  
ISSN 0019-1078    ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)  
Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Margrét Vala Gylfadóttir • [margret.gylfadottir@hagstofa.is](mailto:margret.gylfadottir@hagstofa.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000    © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland  
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099    Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*  
[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi)    [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)